

Menntaskólinn í Reykjavík

Haut 2021



**Sjálfsmatsáætlun
Menntaskólans í Reykjavík
2021 - 2022**

Á skólaárinu 2021-2022 verður sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólastarfsins. Líkt og oft áður verða metnir þættir sem eru teknir fyrir árlega en einnig verður hugað að þáttum sem ekki áður hafa verið skoðaðir. Eins og fram kemur í töflunni hér eru matsþættir ólíkir, nálgun mats er ýmist meðal nemenda, starfsmanna eða gæðastjóra og annarra stjórnenda.

Í vetur verður fræðsla fyrir kennara sem mun fara fram á kennarafundum.

Skólinn hefur einnig í hyggju að vinna að stefnumótunarskýrslu en það verkefni er enn á umræðustigi og er því ekki að finna í þessari áætlun.

Náin samvinna verður í vetur milli stjórnenda og verkefnastjóra í málefnum sem snúa að skjalamálum, forvörnum og gæðamálum. Stjórnendur og starfsmenn eru að nýta tæknina til að halda kennarafundi og með því móti er komið til skila mikilvægum upplýsingum til kennara. Fyrir neðan má sjá helstu matsþættina:

- **Námsárangur.** Gögnin í þessum matsþætti eru einkunnir nemenda í jólaþrófum og vorþrófum. Konrektor tekur saman einkunnir nemenda og reiknar út meðaleinkunnir. Niðurstöðurnar eru síðan kynntar á kennarafundi. Námsárangur nemenda veitir ekki einungis nemendum innsýn í þeirra stöðu, þetta eru einnig mikilvæg gögn fyrir skólann að átti sig á hvar má bæta sig.
- **Kennslukönnun meðal nemenda.** Kennslukönnunin fer fram á rafrænan hátt á vormisseri á Innu. Nemendur skólans eru ekki skyldaðir til að taka þátt í könnuninni sem mun meta ýmsa þætti, t.d. námsefni, kennslugögn og kennsluhætti. Gögn úr könnuninni eru síðan nýtt í starfsmannasamtölum.
- **Viðhorfskannanir meðal nemenda.** Viðhorfskannanirnar fara fram á rafrænan hátt á haustmisseri og á vormisseri.
- **Skólafundir.** Skólafundir verða haldnir á Sal þar sem stjórnendur sitja fyrir svörum um allt er lýtur að skólastarfinu, aðbúnaði svo og geta nemendur komið fram með hugmyndir að nýjungum eða breytingum.
- **Heilsueflandi Framhaldsskóli.** Skólinn tekur þátt í verkefninu og að því kemur nefnd sem skólahjúkrunarfræðingur stýrir. Í þessu heilsueflandi verkefni er sjónum beint að heilsu nemenda með sérstakri áherslu á andlega heilsu. Það verður m.a. stuðst við rafræna viðhorfskönnun til að kanna heilsu nemenda. Í kjölfar öflunar gagna er ætlunin að nýta þau til að gera skólann uppbyggilegri fyrir nemendur.

- **Umhverfisvernd.** Langtíma verkefni skólans er að fá grænfánann. Í vetur hefst sú vinna með því að umhverfisnefnd hefur störf og mun konrektor leiða það starf. Búið er að koma fyrir endurvinnslutunnum í allar byggingar, flokkun er meginþemað. Þetta er verkefni sem mun taka tíma og krefst samvinnu við allt starfsfólk.
- **Fagstjóra-eyðublað** Í lok skólaárs fyllir fagstjóri út eyðublað, þar sem hann gerir upp skólaárið í þeim námsgreinum sem heyra undir hann. Eyðublaðið er verkfæri fyrir stjórnendur til að fylgjast með að það sé ákveðið gæðamat í öllum fögum.
- **Vinnustaðamening, skólamening.** Það hafa orðið margar jákvæðar breytingar í gegnum árin í skólanum. Þó má alltaf bæta um betur. Sem dæmi um afmarkaða þætti, þá er lögð áhersla á kurteisi í samskiptum nemenda og kennara og almennt milli nemenda. Jákvæð styrking og virðing fyrir fjölbreytileikanum í hvaða mynd sem er. Hérna er því markvisst unnið með duldu námsskrána. Gæðanefnd mun gefa út verkefni fyrir bæði nemendur og kennara til að byggja upp ákveðnar venjur.
- **Umsjón.** Gæðanefnd mun funda um starf umsjónarkennara og þeirra hlutverk skilgreint nánar. Einnig verður leitast eftir því að fá skoðanir nemenda á því hvað þeir vilja fá frá sínum umsjónarkennurum. Málið verður síðan rætt á kennarafundi áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

Sjálfsmatsáætlun 2021-2022

	Lagt fyrir	Skoðun á	Framkvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður	Hve oft framkvæmt
Námsárangur	Allir nemendur skólans	Einkunnir skoðaðar og meðaltöl reiknuð	Konrektor	Próf nemenda	Konrektor	Rætt í deildum og á kennarafundi	Á haust- og vormisseri
Kennslukönnun meðal nemenda	Allir nemendur skólans	Námsefni, kennsluhættir, mat á gæðum kennslunnar	Gæðanefnd	Rafræn könnun á námsneti	Rektor/konrektor	Ræddar í viðtali við rektor/konrektor	Á vormisseri
Viðhorf nemenda Skólafundir	Nemendur á opnum fundi	Skólastarfinu, aðbúnaði, kennslu o.fl.	Stjórnendur	Stjórnendur og talsmenn nemenda	Stjórnendur	Unnin verður skýrsla úr fundargerð.	Á vormisseri
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn skólans	Líðan starfsmanna, hvað má betur fara í skólastarfinu	Rektor	Samtöl	Rektor	Rektor kynnir helstu niðurstöður og setur fram tillögur að úrbótum gerist þess þörf	Á vormisseri
Fagstjóraeyðublöð	Fagstjóra	Faglegu starfi innan deilda.	Gæðastjóra	Eyðublað	Stjórnendur	Rektor fer yfir niðurstöður og setur fram tillögur að úrbótum gerist þess þörf. Hugsanlega verða eyðublöðin nýtt í starfsmannasamtölu m	Í lok hvers skólaárs

Líðan nemenda	Allir nemendur skólans	Líðan nemenda.	Gæðanefnd	Rafræn könnun á Innu	Gæðanefnd	Gæðastjóri vinnur skýrslu	Á haustmisseri og vormisseri
Heilsueflandi Framhaldsskóli	Nemendur	Almennri heilsu nemenda, með stórstakri áherslu á andlega heilsu.	Hjúkrunarfræðingur	Rafræn könnun á Innu, ásamt öðrum rannsóknnum.	Hjúkrunarfræðingur	Kynnt rektor og öðrum stjórnendum. Hugsanlega verða nefndir skipaðar í kjölfarið.	Á vor- og haustmisseri
Umsjón	Nemendur og kennarar	Hvernig umsjónarviðtöl eru framkvæmd og hvernig hægt er að bæta.	Gæðanefnd	Könnun meðal kennara og nemenda	Gæðanefnd	Gæðanefnd fundar um málið, svo rætt á kennarafundum.	Á vormisseri
Umhverfisvernd	Nemendur og kennarar	Hvernig skólinn getur orðið vistvænni.	Konrektor	Skoðun á húsakynnum skólans	Konrektor	Konrektor og umhverfisnefnd fundar um málið, svo rætt við rektor, síðar kennarafundi.	Á vormisseri
Vinnustaðamenning, skólamenning	Nemendur og kennarar	Þættir sem skapa jákvæða menningu inna skólans.	Gæðanefnd		Gæðanefnd	Gæðanefnd fundar um málið, svo rætt á kennarafundum.	Á vormisseri og haustmisseri